

Arctica Finance hf.

Ársreikningur 2015

Arctica Finance hf.
Katrínartúni 2
105 Reykjavík

Kt.: 540509-1820

Efnisyfirlit

	Bls.
Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra	3
Áritun óháðra endurskoðenda	4
Rekstrarreikningur	5
Efnahagsreikningur	6
Sjóðstreymisyfirlit	7
Skýringar	8-11
Stjórnarháttayfirlýsing	12-14

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Ársreikningur Arctica Finance hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil verðbréfafyrirtækja og verðbréfamiðlara.

Starfsemi félagsins

Arctica Finance hf. er verðbréfafyrirtæki sem starfar samkvæmt heimild og undir eftirliti Fjármálaeftirlitsins á grundvelli starfsleyfis frá mars 2010 með síðari viðbótum. Um starfsemi Arctica Finance gilda m.a. lög nr. 161/2002, um fjármálafyrirtæki, lög nr. 108/2007, um verðbréfavíðskipti, og lög nr. 2/1995, um hlutafélög. Arctica Finance hf. byggir þjónustu sína á því að veita viðskiptavinum ráðgjöf í gegnum þrjú svið, Eignastýringu, Fyrirtækjaráðgjöf og Markaðsviðskipti.

Í mars 2016 lauk formlegum samruna Arctica Finance hf. og H.F. Verðbréfa hf., en að öðru leyti hafa frá og með síðustu áramótum engir atburðir átt sér stað sem hafa haft verulega þýðingu fyrir Arctica Finance hf. Stjórn félagsins stefnir áfram að því að byggja félagið upp með innri vexti og engar ákvarðanir hafa verið teknar um aðgerðir sem haft gæti þýðingu um framtíðarþróun félagsins.

Starfsmenn Arctica Finance hf. árið 2015 voru að meðaltali 19. Heildarkostnaður launa og launatengdra gjalda til starfsmanna, framkvæmdastjóra, stjórnar og annarra í þjónustu félagsins nam 253,8 millj. kr. (2014: 251,2 millj.kr.).

Afkoma og eigið fé

Samkvæmt rekstrarreikningi nam hagnaður félagsins á árinu 187,7 millj. kr. Eigið fé í árslok 2015 nam 470,6 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi. Eiginfjárlutfall félagsins, sem reiknað er samkvæmt lögum um fjármálafyrirtæki, er 32,2% en samkvæmt lögnum má hlutfallið ekki vera lægra en 8,0%.

Hluthafar og ráðstöfun hagnaðar

Hlutafé félagsins var 36,2 millj. kr. í árslok og skiptist í fjóra flokka. Hluthafar voru 14 í árslok 2015 en voru 13 í árslok 2014. Hluthafar félagsins í árslok 2015 eru:

Nafn	Ríkisfang	Nafnverð	Hlutflokkur
Arctica Eignarhaldsfélag ehf.*	Íslenskt	35.999.999	A-flokkur
Víti fjárfestingarfélag ehf.	Íslenskt	1	A-flokkur
	Samtals	36.000.000	
Baldur Stefánsson	Íslenskur	10.000	B-flokkur
Bjarni Þórður Bjarnason	Íslenskur	10.000	B-flokkur
Gunnar Jóhannesson	Íslenskur	10.000	B-flokkur
Jón Þór Sigurvinsson	Íslenskur	10.000	B-flokkur
Ólafur Þór Finsen	Íslenskur	10.000	B-flokkur
Stefán Þór Bjarnason	Íslenskur	10.000	B-flokkur
Eigin hlutir		10.000	B-flokkur
	Samtals	70.000	
Fríðrik Magnússon	Íslenskur	10.000	C-flokkur
Snorri G. Steinsson	Íslenskur	10.000	C-flokkur
Eigin hlutir		10.000	C-flokkur
	Samtals	30.000	
Agnar Hansson	Íslenskur	35.000	D-flokkur
Daði Kristjánsson	Íslenskur	30.000	D-flokkur
Adrian Sabido	Íslenskur	20.000	D-flokkur
Guðlaugur Steinarr Gíslason	Íslenskur	15.000	D-flokkur
	Samtals	100.000	
Hlutafé samtals		36.200.000	

*Raunverulegir eigendur eru Bjarni Þórður Bjarnason (50,25%) og Stefán Þór Bjarnason (33,50%)

Hlutafé í A-flokki veitir atkvæðisrétt í samræmi við ákvæði samþykktar Arctica Finance hf. Hlutafé í B-, C- og D-flokki eru án atkvæðaréttar, að undanskildu því er snertir málefni viðkomandi hlutflokks.

Skýrsla og yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra, frh.:

Hluthafar og ráðstöfun hagnaðar, frh.

Ákvörðun um greiðslu arðs til hluthafa á árinu 2016 vegna rekstrarársins 2015 verður tekin á aðalfundi, en vísað er til ársreiknings félagsins um ráðstöfun hagnaðar og aðrar breytingar á eiginfjárreikningum.

Stjórnarhættir

Stjórnarhættir Arctica Finance hf. eru í samræmi við almennar leiðbeiningar um stjórnarhætti þeirra sem lúta eftirliti opinberra stjórnvalda, auk þess sem tekið er mið af leiðbeiningum um stjórnarhætti sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Stjórnun og yfirráð yfir Arctica Finance hf. skiptast á milli hluthafa, stjórnar og framkvæmdastjóra í samræmi við samþykktir félagsins, reglur stjórnar og önnur tilmæli stjórnarinnar, en starfsreglur stjórnar má finna á skrifstofu félagsins. Þá lýtur stjórnun og yfirráð félagsins ýmsum lögum og reglum, þ.m.t. lög um hlutafélög, lög um fjármálafyrirtæki, lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, reglur um eiginfjárkröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja, reglugerð um fjárfestavernd og viðskipti fjármálafyrirtækja og reglur Kauphallar, auk ýmissa leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins. Nánari útlistun á lögum, reglum, reglugerðum og leiðbeinandi tilmælum er að finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is. Frekari upplýsingar um stjórn og stjórnarhætti félagsins er að finna í kaflanum Stjórnarháttayfirlýsing sem er fylgiskjal með ársreikningnum. Í aðalstjórn eru tveir karlmenn og einn kvenmaður og í varastjórn þess eru tveir karlmenn.

Yfirlýsing stjórnar og framkvæmdastjóra

Samkvæmt bestu vitneskju stjórnar og framkvæmdastjóra er ársreikningur félagsins í samræmi við lög um ársreikninga og reglur um reikningsskil verðbréfafyrirtækja og verðbréfamíðlara. Er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn gefi glögga mynd af eignum, skuldum, fjárhagsstöðu 31. desember 2015, rekstrarafkomu félagsins og breytingu á handbæru fé á árinu 2015.

Jafnframt er það álit stjórnar og framkvæmdastjóra að ársreikningurinn og skýrsla stjórnar geymi glögggt yfirlit um þróun og árangur í rekstri félagsins og stöðu þess.

Stjórn og framkvæmdastjóri Arctica Finance hf. hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2015 og staðfest hann með undirritun sinni.

Reykjavík, 14. mars 2016

Stjórn:

Maia Rúnar
Þórir Krástan
[Signature]

Framkvæmdastjóri:

[Signature]

Aritun óháðra endurskoðenda

Til stjórnar og hluthafa Arctica Finance hf.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi ársreikning Arctica Finance hf. fyrir árið 2015. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, rekstrarreikning, efnahagsreikning, yfirlit um sjóðstreymi, upplýsingar um mikilvægar reikningsskilaaðferðir og aðrar skýringar.

Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrg fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrg fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

Ábyrgð endurskoðenda

Ábyrgð okkar felst í því áliti sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum, skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fáiast um að ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og skýringum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki til þess að gefa álit á virkni innra eftirlits fyrirtækisins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á þeim reikningsskilaaðferðum og matsaðferðum sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2015, efnahag þess 31. desember 2015 og breytingu á handbæru fé á árinu 2015, í samræmi við lög um ársreikninga.

Kópavogur, 14. mars 2016

Deloitte ehf.



Gunnar Þorvaldsson

Rekstrarreikningur árið 2015

	Skýr.	2015	2014
Rekstrartekjur			
Póknartekjur	2	671.328	635.280
Vaxtatekjur		23.389	17.596
Tekjur af verðbréfum		4.940	21.792
Aðrar rekstrartekjur		2.634	3.039
Tekjur alls		702.291	677.707
Vaxtagjöld	(	1.404)	0
Gengismunur	(	10.191)	(767)
Rekstrartekjur samtals		690.696	676.940
Laun og launatengd gjöld	13	253.815	251.248
Annar rekstrarkostnaður		176.167	205.351
Áhrif hlutdeildarféлага		14.992	0
Afskriftir	5,14	5.199	4.931
Rekstrarkostnaður samtals		450.173	461.531
Hagnaður fyrir tekjuskatt		240.523	215.409
Tekjuskattur	8,12,21	(52.836)	(42.924)
Hagnaður ársins	19	187.687	172.485
Hagnaður á hlut:			
Hagnaður á hlut	4	5,93	5,73

Efnahagsreikningur 31. desember 2015

	Skýr.	2015	2014
Eignir			
Rekstrarfjármunir	5,14	10.695	7.098
Eignarhlutur í dótturfélögum	6,15	17.855	30.000
Eignarhlutur í öðrum félögum	7,16	96.488	0
Reiknuð skatteign		6.233	4.437
Viðskiptakröfur	9	19.438	233.916
Aðrar skammtímakröfur		67.595	17.374
Verðbréf	10,17	160.528	170.018
Handbært fé	11	344.863	206.863
Eignir samtals		723.695	669.706
Eigið fé			
Hlutfé	18	36.180	30.130
Lögbundinn varasjóður		9.045	7.533
Óráðstafað eigið fé		425.369	482.350
Eigið fé samtals	19	470.594	520.013
Skammtímaskuldir			
Lánasamningur		119.701	0
Viðskiptaskuldir		12.535	8.443
Skattar ársins	21,22	53.944	45.290
Aðrar skammtímaskuldir		66.921	95.960
		253.101	149.693
Skuldir samtals		253.101	149.693
Eigið fé og skuldir samtals		723.695	669.706

Sjóðstreymisyfirlit árið 2015

	Skýr.	2015	2014
Rekstrarhreyfingar			
Hagnaður ársins	19	187.687	172.485
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir	5,14	5.199	4.931
Áhrif dótturfélaga		14.992	0
Reiknaður tekjuskattur	8,21	52.836	42.924
Aðrir liðir		(6.855)	0
Veltufé frá rekstri		<u>253.859</u>	<u>220.340</u>
 Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum:			
Skammtímakröfur, lækkun		186.045	157.496
Skammtímaskuldir, (lækkun)		(183.232)	(84.211)
Breyting á rekstartengdum eignum og skuldum		<u>2.813</u>	<u>73.284</u>
Handbært fé frá rekstri		<u>256.672</u>	<u>293.624</u>
 Fjárfestingarhreyfingar			
Sala rekstrarfjármuna	14	3.330	0
Verðbréf, breyting		17.050	(69.748)
Fjárfesting í félögum		(95.000)	0
Lán til móðurfélags, breyting		0	62.835
Skammtímakröfur, lækkun (hækkun)		(3.280)	(2.688)
Fjárfestingarhreyfingar		<u>(77.900)</u>	<u>(9.601)</u>
 Fjármögnunarhreyfingar			
Innborgað hlutfé		50	0
Keypt eigið hlutfé		(15.000)	0
Selt eigið hlutfé		10	0
Lánasamningur, breyting		119.701	0
Arður til hluthafa		(332.715)	(190.795)
Skammtímaskuldir, hækkun (lækkun)		19.196	(12.463)
Fjármögnunarhreyfingar		<u>(208.758)</u>	<u>(203.258)</u>
 Breyting á handbæru fé		(29.986)	80.765
Handbært fé í ársbyrjun		206.863	126.098
Handbært fé frá samruna		167.986	0
Handbært fé í árslok	11	<u>344.863</u>	<u>206.863</u>

Skýringar

Reikningsskilaaðferðir

1. Grundvöllur reikningsskilanna

Ársreikningur Arctic Finance hf. er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðisreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

Félagið er dótturfélag Arctic Eignarhaldsfélags ehf. sem hefur aðsetur að Katrínartúni 2, Reykjavík.

2. Innlausn tekna

Tekjur af veittri þjónustu eru færðar í rekstrarreikning á því tímabili sem þjónustan er veitt. Tekjur eru ekki færðar ef veruleg óvissa er um innheimtu þeirra.

3. Erlendir gjaldmiðlar

Eignir og skuldir í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknaðar í íslenskar krónur á gengi í desemberlok 2015. Rekstrartekjur og gjöld í erlendum gjaldmiðlum eru umreiknuð á gengi viðskiptadags. Áfallinn gengismunur og vextir á höfuðstól eigna og skulda eru færðar í rekstrarreikninginn.

4. Hagnaður á hlut

Hagnaður á hlut er hlutfall hagnaðar og vegins meðaltals hlutafjár á árinu og er ætlað að sýna hver hagnaður er á hverja krónu hlutafjár. Hagnaður félagsins nam 187,7 millj. kr. og vegið meðaltal nafnverðs hlutafjár var 31,6 millj. kr.

5. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundradshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna, þar til niðurlagsverði er náð. Áætlaður nýtingartími greinist þannig:

Bifreið	10 ár
Tölvubúnaður	3 ár
Skrifstofubúnaður	5 ár
Hugbúnaður	5 ár

6. Dótturfélög

Dótturfélög eru þau félög þar sem móðurfélagið fer með yfirráð yfir. Yfirráð eru til staðar þegar móðurfélagið hefur vald til að stjórna fjárhags- og rekstrarstefnu félags í þeim tilgangi að hagnast á starfsemi þess. Við mat á yfirráðum er tekið tillit til mögulegs atkvæðaréttar sem þegar er nýtanlegur. Eign í dótturfélögum er færð með hlutdeildaraðferð.

7. Eignarhlutir í öðrum félögum

Eignarhlutir í öðrum félögum eru færðir á kostnaðarverði nema þegar eignarhlutdeild er meiri þriðjungur af heildarhlutafé þá er beitt hlutdeildaraðferð.

8. Reiknuð skatteign

Reiknuð skatteign er færð í ársreikninginn. Útreikningur hennar byggist á mismun efnahagsliða samkvæmt skattuppgjöri annars vegar og ársreikningi félagsins hins vegar. Mismunur efnahagsliða, sem þannig kemur fram, stafar af því að álagning tekjuskatts er miðuð við aðrar forsendur en reikningsskilin og er þar í meginatriðum um að ræða tímabundinn mismun vegna þess að gjöld eru að jafnaði færð fyrir í skattuppgjöri en í ársreikningi.

Tekjuskattur á hagnað innifelur bæði tekjuskatt til greiðslu og frestaðan tekjuskatt. Tekjuskattur er færður í rekstrarreikning.

Tekjuskattur til greiðslu er áætlaður skattur ársins, miðað við gildandi skatthlutfall.

9. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður um 30,1 millj. kr. til að mæta almennri áhættu sem fylgir kröfueign félagsins, en hér er ekki um endanlega afskrift að ræða. Annars vegar er um að ræða niðurfærsla vegna krafna sem sérstaklega hafa verið metnar í tapshættu og hins vegar niðurfærslu til að mæta almennri áhættu. Niðurfærslan er dregin frá viðkomandi liðum í efnahagsreikningi.

10. Verðbréf

Skuldaþrífæðing er færð á afskrifuðu kostnaðarverði með aðferð virkra vaxta að teknu tilliti til virðisrýrnunar. Áfallnir vextir eru innifaldir í bókfærðri fjárhæð lána og krafna. Hlutdeildarskríteinu í verðbréfasjóðum eru metin samkvæmt því gengi er gildi á markaði í lok desember 2015.

Skýringar, frh.:

11. Handbært fé

Sjóður og bankainnstæður teljast til handbærs fjár.

12. Tekjuskattur

Gjaldfærður tekjuskattur í rekstrarreikningi greinist þannig:

	2015	2014
Tekjuskattur til greiðslu:		
Vegna ársins	(53.944)	(45.290)
Tekjuskattsskuldbinding:		
Breyting vegna tímabundins mismunar	1.108	2.366
Tekjuskattur í rekstrarreikning	(52.836)	(42.924)

13. Laun og launatengd gjöld

Laun og launatengd gjöld greinast þannig:

	2015	2014
Laun	207.751	185.265
Tryggingargjald	17.199	15.420
Fjársýsluskattur	10.231	12.444
Önnur launatengd gjöld	18.635	38.120
Laun og launatengd gjöld samtals	253.815	251.248
Stöðugildi í árslok	23	20
Meðalfjöldi starfsmanna á árinu umreiknaður í heilsársstörf	19	19

Laun framkvæmdastjóra námu 8,4 millj. kr. á árinu 2015 (2014: 8,4 millj. kr.) og stjórnarlaun námu 6,0 millj. kr. (2014: 5,9 millj. kr.).

14. Rekstrarfjármunir

Rekstrarfjármunir greinast þannig:

	31.12.2015	31.12.2014
Heildarverð í ársbyrjun	27.428	27.428
Uppsafnaðar afskriftir í ársbyrjun	(20.330)	(15.399)
Bókfært verð í ársbyrjun	7.098	12.029
Samruni 30.09.2015	12.104	0
Selt á árinu	(3.330)	0
Afskrifað á árinu	(5.177)	(4.931)
Bókfært verð í árslok	10.695	7.098
Heildarverð 31.12.2015	36.202	27.428
Uppsafnaðar afskriftir 31.12.2015	(25.507)	(20.330)
Bókfært verð 31.12.2015	10.695	7.098
Afskriftahlutföll	10-33%	20-33%

Félagið hefur gert húsaleigusamning til ársins 2017 um það húsnæði sem félagið starfar í. Áætlaðar leigugreiðslur vegna samningsins á árinu 2016 nema um 24,7 millj. kr. m.v. verðlag í ársbyrjun 2016.

15. Eignarhlutur í dótturfélagi

Eignarhlutur í dótturfélagi skiptist þannig:

	Eignarhlutur	Bókfært verð
Viti rekstrarfélag hf.	100,00%	17.855
		17.855

Skýringar, frh.:

16. Eignarhlutur í öðrum félögum

Eignarhlutur í öðrum félögum skiptist þannig:

	Eignarhlutur	Bókfært verð
Fasteignafélagið Klettháls ehf.	33,33%	42.154
Létt Flotastjómun ehf.	29,49%	50.000
T-Plús hf.	9,85%	4.334
Live Data Market ehf.	51,00%	0
		<u>96.488</u>

17. Verðbréf

Verðbréf með breytilegar tekjur greinast þannig:

	2015	2014
Skuldabréf	39.541	78.249
Verðbréfasjóður	121.987	91.769
Verðbréf alls	<u>161.528</u>	<u>170.018</u>

18. Eigið fé

Heildarhlutafé félagsins samkvæmt samþykktum þess er 36,2 millj. kr., en félagið á eigin bréf að nafnverði 20 þús. kr. Hlutafé félagsins í A-flokki nemur 36,0 millj. kr. en hlutafé í B, C og D-flokki nemur 0,2 millj. kr. Samkvæmt samþykktum félagsins fylgir eitt atkvæði hverjum einnar krónu hlut í A-flokki.

19. Yfirlit um eiginfjárreikninga

	Hlutafé	Lögbundinn varasjóður	Óráðstafað eigið fé	Samtals
Eigið fé 31.12.2014	30.130	7.533	482.350	520.013
Eigið fé við samruna 30.09.2015	6.000	1.500	103.049	110.549
Keypt eigið hlutafé (10) (14.990) (15.000)				
Selt eigið hlutafé 10 10				
Innborgað hlutafé 50 50				
Lagt í lögbundinn varasjóð 13 (13) 0				
Arður til hluthafa (332.715) (332.715)				
Hagnaður ársins 187.687 187.687				
Eigið fé 31.12.2015	<u>36.180</u>	<u>9.045</u>	<u>425.369</u>	<u>470.594</u>

20. Eiginfjárlutfall

Við mat á eiginfjárbörð sinni miðar félagið við ákvæði laga um eiginfjárlutfall sem kveða á um 8% lágmarks eiginfjárlutfall. Við mat á eiginfjárlutfallinu er farið eftir alþjóðlegum stöðlum um mat á eiginfjárlutfalli (CEBS, COREP).

	2015	2014
Eiginfjárgrunnur skiptist þannig:		
Heildar eigið fé	470.594	520.013
Reiknuð skatteign (6.233) (4.437)		
Eiginfjárgrunnur samtals	<u>464.361</u>	<u>515.576</u>
Eiginfjárfæra greinist þannig:		
Útlánaáætla 34.896 27.128		
Markaðsáætla 10.736 4.743		
Rekstraráætla 115.383 109.122		
Eiginfjárfæra 115.383 109.122		
Eiginfjárlutfall	32,2%	37,8%

Skýringar, frh.:

21. Reiknuð skatteign

Reiknuð skatteign félagsins greinist þannig:	2015	2014
Reiknuð skatteign í ársbyrjun	4.437	2.071
Reiknuð skatteign frá samruna 30.09.2015	689	0
Tekjuskattur til greiðslu vegna rekstrar ársins	53.944	45.290
Reiknaður tekjuskattur ársins	(52.836)	(42.924)
Reiknuð skatteign í árslok	6.233	4.437
Reiknuð skatteign skiptist þannig:		
Rekstrarfjármunir	211 (	456)
Eignarhklutir í félögum	(51)	0
Gengismunur	1.170	927
Viðskiptakröfur	4.904	3.967
Reiknuð skatteign í árslok	6.233	4.437

22. Skattamál

Skattar vegna ársins 2015 sem koma til greiðslu á árinu 2016 hafa verið reiknaðir og færðir í ársreikninginn.

23. Samruni við H.F. Verðbréf hf.

Þann 29. febrúar 2016 samþykkti hluthafafundur Arctica Finance hf. samruna félagsins við H.F. Verðbréf hf. og var Arctica Finance yfirtökufélagið. Samruninn miðast við 30. september 2015. Við samrunann fengu eigendur A hlutabréfa í H.F. Verðbréfum A hlutabréf í Arctica Finance að nafnverði kr. 6.000.000 sem gagngjald fyrir hlutabréf sín í H.F. Verðbréfum. Allar eignir og skuldir H.F. Verðbréfa runnu inn í Arctica Finance á bókfærðum verðum, en heildareignir H.F. Verðbréfa við samrunann voru 203,6 mkr. og heildarskuldir 93,1 mkr.

24. Tengdir aðilar

Móðurfélag, dóttur- og hlutdeildarfélög, framkvæmdastjóri, stjórnarmenn, makar og börn og félög í eigu þessara aðila teljast vera tengdir aðilar félagsins.

Félagið veitti hlutdeildarfélagi þjónustu fyrir 10 millj. kr. og þá er stjórnarformaður með eignir í stýringu, verðlagning á sambærilegum kjörum og ótengdir aðilar. Félag í eigu eins af lykilstarfsmönnum félagsins, sem jafnframt er eigandi, veitti félaginu enga þjónustu á árinu 2015 (2014: 6,7 millj. kr.).

Félagið hefur ekki átt önnur viðskipti við tengda aðila á árinu.

25. Eignir í stýringu og vörslu

Félagið er með eignir í stýringu og vörslu vegna þjónustu félagsins að fjárhæð 21.132 millj. kr. Þessar eignir eru ekki færðar í ársreikning félagsins.

Stjórnarháttayfirlýsing

Stjórnarhættir

Stjórnarhættir Arctica Finance hf. eru í samræmi við almennar leiðbeiningar um stjórnarhætti þeirra sem lúta eftirliti opinberra stjórnvalda, auk þess sem tekið er mið af leiðbeiningum um stjórnarhætti sem gefnar voru út af Viðskiptaráði Íslands, Nasdaq Iceland og Samtökum atvinnulífsins. Stjórnun og yfirráð yfir Arctica Finance hf. skiptast á milli hluthafa, stjórnar og framkvæmdastjóra í samræmi við samþykktir félagsins, reglur stjórnar og önnur tilmæli stjórnarinnar, en starfsreglur stjórnar má finna á skrifstofu félagsins. Þá lýtur stjórnun og yfirráð félagsins ýmsum lögum og reglum, þ.m.t. lög um hlutafélög, lög um fjármálafyrirtæki, lög um aðgerðir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka, reglur um eiginfjákröfur og áhættugrunn fjármálafyrirtækja, reglugerð um fjárfestavernd og viðskipti fjármálafyrirtækja og reglur Kauphallar, auk ýmissa leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins. Nánari útlistun á lögum, reglum, reglugerðum og leiðbeinandi tilmælum er að finna á heimasíðu Fjármálaeftirlitsins, www.fme.is.

Stjórn Arctica Finance hf. hefur samþykkt ýmsar innri reglur varðandi starfsemi félagsins, þar á meðal reglur um áhættustýringu, stefnu um ráðstafanir gegn hagsmunaaðrekstrum, reglur um varnir gegn peningabætti og fjármögnun hryðjuverka og reglur um flokkun viðskiptavina. Stjórn Arctica Finance hf. ber ábyrgð á áhættustýringu félagsins, en framkvæmdastjóri gagnvart stjórninni.

Innri endurskoðun Arctica Finance hf. er samkvæmt samningi í höndum BDO ehf., en innri endurskoðun miðast við lög um fjármálafyrirtæki og ákvæði leiðbeinandi tilmæla Fjármálaeftirlitsins.

Stjórn og framkvæmdastjórn Arctica Finance hf. leggja höfuð áherslu á að tryggja traust og trúverðugleika félagsins og starfsmanna þess gagnvart viðskiptavinum, hluthöfum og samfélaginu. Þar skipa fræðsla og þekking starfsmanna, ásamt síðferðis- og hegðunarreglum félagsins, mikilvægan sess.

Arctica Finance hf. var á starfsárinu ekki beitt viðurlögum vegna brota á lögum eða reglum. Þá bárust á starfsárinu engar kvartanir eða athugasemdir frá viðskiptavinum eða öðrum vegna ávörðinga um brot félagsins eða starfsmanna þess á lögum eða reglum sem um starfsemi félagsins gilda.

Allir raunverulegir hluthafar í Arctica Finance hf. eru starfsmenn félagsins og hafa með þeim hætti tök á að fylgjast vel með starfsemi félagsins. Þar fyrir utan hafa verið birtar fréttir af starfsemi félagsins á heimasíðu félagsins, auk þess sem sendar hafa verið út fréttatilkynningar ef markverðar breytingar hafa orðið á starfsemi félagsins eða ef félagið hefur haft milligöngu um stærri viðskipti. Á aðalfundum Arctica Finance hf. er jafnframt farið ítarlega yfir starfsemi félagsins og enn fremur kallað til hluthafafunda ef ástæða er til.

Stjórn

Stjórn Arctica Finance hf. var kosin á aðalfundi félagsins þann 24. mars 2015 og á starfsárinu 2015 voru haldnir níu stjórnarfundir með fullri mætingu allra aðalmanna, utan eins stjórnarfundar. Stjórnina skipa:

María Rúnarsdóttir, stjórnarformaður

María Rúnarsdóttir, stjórnarformaður, fædd 1978, hefur verið í stjórn Arctica Finance hf. frá stofnun félagsins og stjórnarformaður frá mars 2012. Hún starfar í dag hjá fasteignafélaginu Korputorgi ehf. Áður starfaði María meðal annars sem fjármálastjóri fasteignafélagsins SMI ehf., ráðgjafi hjá KPMG Ráðgjöf og sem fjármálastjóri Svar tækni ehf., auk þess að vera einn stofnenda MINT Solutions ehf. María situr í dag í stjórn eftirfarandi félaga; MRI ehf., SMI Balkan ehf., Finkubing ehf., NMR ehf., Korputorg ehf. og Rekstrarfélagi Korputorgs ehf., auk þess að vera varamaður í stjórn Spóapings ehf. María er með MBA gráðu frá MIT (Massachusetts Institution of Technology) í Bandaríkjunum og B.Sc. gráðu í viðskiptafræði frá Háskólanum í Reykjavík.

Erlendur Svavarsson, stjórnarmaður

Erlendur Svavarsson, stjórnarmaður, fæddur 1972, var fyrst kosinn í varastjórn Arctica Finance hf. á aðalfundi 2010, en hefur setið í aðalstjórn frá mars 2013. Hann hefur starfað í fluggeiranum frá 1992, þegar hann hóf störf hjá Flugfélaginu Air Atlanta. Þar starfaði hann til 2001 þegar hann tók við starfi stöðvarstjóra í Stokkhólmi hjá MD flugfélaginu, en tók síðan við markaðs- og sölustjórastarfi hjá félaginu. Árið 2003 varð Erlendur verkefnastjóri hjá Loftleidir Icelandic ehf. og varð síðar yfirmaður sölu og markaðsmála hjá því félagi. Árið 2008 starfaði Erlendur hjá Icelandair Group sem framkvæmdastjóri viðskiptaþróunar.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Stjórn, frh.

Síðan 2010 hefur Erlendur verið framkvæmdastjóri hjá Loftleiðum Icelandic. Erlendur hefur setið stjórnnum ýmissa dótturfyrirtækja samstæðunnar, en í dag er hann einvörðungu í stjórn Arctica Finance hf. Erlendur útskrifaðist frá Menntaskólanum í Reykjavík árið 1992 og hefur lokið áföngum úr hagfræðiskori Háskóla Íslands.

Þórir Kjartansson, stjórnarmaður

Þórir Kjartansson, stjórnarmaður, fæddur 1969, var fyrst kosinn í varastjórn Arctica Finance hf. í maí 2011, en hefur setið í aðalstjórn frá mars 2012. Hann er byggingaverkfræðingur frá Háskóla Íslands 1993 og með MBA-gráðu frá IESE. Þórir hefur verið sjálfstætt starfandi fjárfestir frá 2000 í gegnum Íslenska Fjárfestingu ehf. sem hann á og rekur í samstarfi við annan mann. Þórir hefur gegnt margvíslegum trúnaðarstörfum og má þar nefna að Þórir var í stjórn Landspítalans – Háskólasjúkrahúss til nokkurra ára og sat í nefnd um byggingu á nýjum Landsspítala. Þórir situr í stjórn eftirtalinna fyrirtækja; AP Almennatengsl ehf., AP Sýningar ehf., ATH fjárfestingar ehf., Eignarhaldsfélagið Kilroy ehf., Eignarhaldsfélagið Vinabyggð ehf., Einvala fjárfesting ehf., Íslensk fjárfesting ehf., Íslenska heilbrigðisþjónustan ehf., Íslenska Öldrunarþjónustan ehf., Íslenskar fasteignir ehf., Kársnes Fasteignir ehf., Rekstrarfélag Íslenskrar fjárfestingar ehf., RR hótél ehf., Sólstöður ehf., Söltún 1 ehf., Söltún 4 ehf., Úlfaldi ehf., Útleiga ehf., Vinabyggð ehf. og Öldungur hf.

Gísli Þór Arnarson, varamaður

Gísli Þór Arnarson, varastjórnarmaður, fæddur 1972, var kosinn í varastjórn Arctica Finance hf. í mars 2012. Hann er með C.S gráðu í umhverfis- og byggingaverkfræði frá Háskóla Íslands og MBA gráðu frá University of Louisville í Bandaríkjunum. Gísli Þór er framkvæmdastjóri Innanlandssviðs Samskipa, en var árin 2006 – 2012 forstöðumaður í innflutningsdeild Samskipa. Áður starfaði Gísli Þór í þrjú ár sem viðskiptastjóri í innflutningsdeild Eimskips og önnur þrjú ár þar á undan starfaði Gísli Þór við verkfræði og viðskiptaráðgjöf hjá The Corradino Group. Gísli situr í stjórn eftirtalinna fyrirtækja; Póstmárkaðurinn ehf., Lífæð ehf., KASK Flutningar ehf., Davíðshóll ehf. og Brettasmiðja O.R. ehf., auk þess að vera varamaður í stjórn Jóna Transport hf.

Páll Ólafsson, varamaður

Páll Ólafsson, varastjórnarmaður, fæddur 1978, var kosinn í varastjórn Arctica Finance hf. í mars 2015. Hann er með B.Sc. gráðu í fjármálum frá Háskóla Íslands og M.Sc. gráðu í fjármálum frá Cass Business School. Páll hefur starfað í tengslum við bankastarfsemi í yfir 10 ár, bæði sem greinandi og ráðgjafi. Þá hefur Páll setið í stjórnnum ýmissa fyrirtækja, eins og Aurora Fashions Ltd., Karen Millen Ltd. og Celsius Holding SARL. Páll situr í dag einvörðungu í varastjórn Arctica Finance hf.

Enginn í aðal- eða varastjórn Arctica Finance hf. eiga eignarhluti, beint eða óbeint, í Arctica Finance hf. og hafa ekki gert kaup- eða söluréttarsamninga við félagið. Fyrir utan hefðbundin bankaviðskipti þá hafa aðal- og varamenn í stjórn félagsins engin hagsmunatengsl við helstu samkeppnis- eða viðskiptaaðila Arctica Finance hf. eða stóra hluthafa félagsins.

Stjórn Arctica Finance hf. hefur metið óháði stjórnarmanna í samræmi við starfreglur stjórnar félagsins og er það mat stjórnar að allir aðal- og varamenn séu óháðir félaginu sem og stórum hluthöfum þess.

Framkvæmdastjórn

Í framkvæmdastjórn eru Stefán Þór Bjarnason, fæddur 1971, framkvæmdastjóri Arctica, og Bjarni Þórður Bjarnason, fæddur 1969, aðstoðarframkvæmdastjóri. Framkvæmdastjóri hefur með höndum stjórn á daglegum rekstri félagsins og kemur fram fyrir þess hönd í öllum málum sem varða daglegan rekstur þess. Þá sér framkvæmdastjóri um reikningshald og ráðningu starfslíðs. Framkvæmdastjóra ber að veita stjórnarmönnum og endurskoðendum/skoðunarmönnum allar upplýsingar um rekstur félagsins sem þeir kunna að óska og veita ber samkvæmt lögum.

Stefán Þór Bjarnason hefur verið framkvæmdastjóri og forstöðumaður Fyrirtækjaráðgjafar Arctica Finance hf. frá stofnun félagsins. Stefán Þór var forstöðumaður Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans á Íslandi og vann hjá Landsbankanum á árunum 1999 fram til október 2008. Á þessum tíma leiddi Stefán Þór eða tók þátt í flestum af helstu fyrirtækjaráðgjafarverkefnum bankans. Stefán Þór lauk kandiðatsprófi í lögfræði frá Háskóla Íslands árið 1999, öðlaðist málflytningsréttindi fyrir héraðsdómi árið 2001, og hefur lokið prófi sem löggiltur verðbréfamiðlari bæði á Íslandi og í Bretlandi.

Stjórnarháttayfirlýsing, frh.:

Framkvæmdastjórn, frh.

Stefán Þór er framkvæmdastjóri og i stjórn móðurfélags Arctica Finance hf., Arctica Eignarhaldsfélags ehf., og i stjórn Á1 ehf. og Fasteignafélagsins Kleifhóls ehf., auk þess að vera varamaður i stjórn Vita fjárfestingafélags ehf., sem er systurfélag Arctica Finance hf. Stefán Þór hefur engin önnur hagsmunatengsl við viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða hluthafa sem eiga meira en 10% hlut i Arctica.

Bjarni Þórður Bjarnason er aðstoðarframkvæmdastjóri. Frá júní 2003 til október 2008 var Bjarni Þórður forstöðumaður Fyrirtækjaráðgjafar Landsbankans. Fyrir þann tíma var Bjarni aðstoðarforstöðumaður Fyrirtækjaráðgjafar Búnaðarbankans og þar áður i samskonar stöðu hjá Gildingu fjárfestingarsjóði. Bjarni var fyrir þetta einnig sérfræðingur hjá Fyrirtækjaráðgjöf Kaupþings. Bjarni er vélaverkfræðingur frá Háskóla Íslands og með MBA gráðu frá Southern Methodist University i Bandaríkjunum, auk þess að hafa lokið prófi i verðbréfavíðskiptum. Bjarni Þórður var stjórnarformaður Arctica Finance hf. frá stofnun og til mars 2012. Bjarni situr i stjórn um eftirfarandi félaga; Arctica Eignarhaldsfélags ehf., Árvakur hf., Bakkavör Group ehf., BG12 GP hf., BG12 slhf., Byrjun ehf., Lifsheill ehf., Viti fjárfestingafélag ehf. og Þórsmörk ehf. Bjarni Þórður hefur engin önnur hagsmunatengsl við viðskiptaaðila, samkeppnisaðila eða hluthafa sem eiga meira en 10% hlut i Arctica Finance hf.

Nefndir

Á grundvelli reglna stjórnar Arctica Finance hf. um áhættustýringu starfar áhættunefnd, en hana skipa ábyrgðarmaður áhættustýringar, sem jafnframt er formaður, ásamt framkvæmdastjóra, aðstoðarframkvæmdastjóra, forstöðumanna og lögfræðingi félagsins. Áhættunefnd fjallar almennt um málefni áhættustýringar Arctica Finance hf. sem og þau er lúta sérstaklega að einstökum deildum félagsins, auk þess sem að áhættunefnd hugar að áhættuþáttum félagsins eins og þeir eru tilgreindir i reglum stjórnar. Áhættunefnd fundaði þrisvar sinnum á árinu 2015 og var full skipan i eitt skiptið, en forstöðumann vantaði i hin tvö.

Á grundvelli öryggisstefnu stjórnar Arctica Finance hf. starfar öryggisnefnd, en hana skipa framkvæmdastjóri, sem er formaður, aðstoðarframkvæmdastjóri, lögfræðingur, regluvörður og öryggisstjóri. Öryggisnefnd fjallar almennt um helstu málefni tengd öryggismálefnum Arctica Finance hf., auk þess sem að það gefur nefndarmönnum vettvang til að ræða öryggismálefni sín i milli. Öryggisnefnd fundaði þrisvar sinnum á árinu 2015 og var full skipan i öll skiptin.

Innan Eignastýringar Arctica Finance hf. er starfandi fjárfestingaráð, sem starfar á grundvelli starfsreglna sem framkvæmdastjóri hefur sett með vísan til stefnu stjórnar Arctica Finance hf. um ráðstafanir gegn hagsmunaárekstrum. Fjárfestingaráð ákveður annars vegar breytingar, niðurfellingu og stofnun á fjárfestingarstefnum eignastýringar og hins vegar vægi eignaflokka (t.a.m. vægi á milli hlutabréfa og skuldabréfa) og val á verðbréfum i einstökum fjárfestingastefnum. Fjárfestingaráðið kom saman sex sinnum á árinu 2015 og var full skipan i öll skiptin.

Árangursmat stjórnar

Á fyrsta ársfjórðungi 2015 lagði stjórn Arctica Finance hf. mat á störf sín, verklag og starfshætti, nauðsyn á skipun undirnefnda stjórnar og framgang félagsins, i samræmi við starfsreglur stjórnar. Niðurstaðan var sú að störf stjórnar og yfirstjórnar Arctica hafi að öllu verulegu leyti verið i lagi. Taldi stjórnin að settum markmiðum félagsins hafi verið náð og að störf stjórnar væru i eðlilegum og árangursríkum farvegi til markaðssóknar félagsins. Þá taldi stjórnin að Arctica Finance hf. hefði að skipa hæfum daglegum stjórnendum sem hefðu bæði þekkingu og færni til að ná markmiðum félagsins.